



## Gjaldskrá félagsheimila

### Dalabúð – Tjarnarlundur

Gildir frá 1. janúar 2024

	Dalabúð	Tjarnarlundur	Athugasemdir
<b>Almennir dansleikir eða sólahringsleiga vegna samkomu / viðburðar:</b>			
Stór salur	108.599	x	
Allt húsið	169.211	108.599	Aðgangur að eldhúsi innifalinn
<b>Þorrlót, árshátíðir og aðrar sambærilegar samkomur á vegum félagasamtaka í Dalabyggð:</b>			
Verð á seldan miða	775	775	Lágm. kr.85.000
<b>Veislur og einkasamkvæmi - aðgangur að eldhúsi innifalinn:</b>			
Lítill salur	46.542	38.786	
Allt húsið	108.599	69.814	
<b>Leikýningar, tónleikar og aðrir menningartengdir viðburðir - ekki aðgangur að eldhúsi:</b>			
< 80 manns	31.028	31.028	
> 80 manns	54.300	54.300	
Eldhús (með sal)	7.757	7.757	
<b>Helgarleiga - aðgangur að eldhúsi innifalinn:</b>			
Lítill salur	77.571	62.056	
Allt húsið	186.038	155.010	
<b>Fundir og námskeið:</b>			
Lítill salur	19.392	19.392	
Stór salur	38.786	x	Leigist aðeins stakur, án eldhúss
Allt húsið	54.300	38.786	
Eldhús (með sal)	7.750	7.750	
<b>Annað:</b>			
Félagsstarf	7.757	7.757	Eða skv. samningi/samkomulagi
Afnót af vottuðu eldhúsi	X	7.750 – ½ dagur 13.500 – 1 dagur	„Lítill matvælavinnsla“ skv. reglug. 856/2016 í Tjarnarlundi. Sjá heimasíðu Dalabyggðar.

Ekki er heimilt að gista í félagsheimilunum og eru þau ekki leigð til þeirra nota.

Heimilt er að víkja frá gjaldskrá ef áhugamannafélög og stofnanir sveitarfélagsins eiga í hlut og veita allt að 50% afslátt. Þó skal gjald aldrei vera lægra en sem nemur kostnaði við þrif (*hafið samband við skrifstofu Dalabyggðar*).

Ekki er rukkuð húsaleiga vegna fjáröflunarviðburða skóla eða félagasamtaka í heimabyggð (á ekki við um dansleiki). Greiða skal kostnað við þrif.

Leigjendur sjá sjálfir um allt er viðkemur dansleikjahaldi s.s. skemmtanaleyfi, dyravörslu og annað.

Leigutaki annast sjálfur alla uppröðun og við frágang skal huga að því að þrif verði auðveld s.s. setja stóla og borð aftur í geymslu, nema um annað sé samið við húsvörð. Þrif eru ávallt hluti af verði og ekki gefinn afsláttur af þeim.

Leigutaka ber að láta húsvörð vita af öllum skemmdum, bilunum eða öðru sem hann verður var við eða sem koma til á leigutíma og verður leyst úr því í sameiningu. Húsvörður tekur húsnæðið út fyrir og eftir viðburð, verði hann var við tjón sem rekja má til útleigu en var ekki látið vita af, bætist sektargjald ofan á innheimta leigu sem nemur kostnaði við viðgerð/úrbætur.

Frekari reglur um vottað eldhús/litla matvælavinnslu í Tjarnarlundi er að finna á [www.dalir.is](http://www.dalir.is)

Leigjendur fjarlægja sorp úr húsinu, hreinsa rusl utandyra og koma öllu í næsta gám.

STEF gjöld koma til viðbótar leigugjaldi og eru rukkuð af seldum miðum skv. gjaldskrá STEFs. Skrifstofa Dalabyggðar innheimtir. Sveitarfélagið sendir út greiðsluseðla vegna leigu. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Í Dalabúð er starfsemi á vegum Auðarskóla, sjá sérákvæði hér fyrir neðan vegna þess.

#### **Sérákvæði um leigu á Dalabúð:**

##### Mötuneyti:

- a) Leigutaka er ekki heimilt að notfæra sér matvöru eða aðrar vörur sem skólamötuneytið á (gildir um allar matvörur í búri, kælum og frysti ásamt kaffipokum, plastfilmum, bréfpurrkum, sorppokum o.s.frv.).
- b) Að öll áhöld séu í eldhúsi að lokinni leigu en ekki enn í notkun annarstaðar t.d. bakkar, skálar og fl. sem matur er fluttur burtu úr húsin með og á svo að skila síðar. Hverfi áhöld eða búnaður úr eldhúsi og komi ekki í leitirnar er leigutaki ábyrgur og getur vænst sektar fyrir.
- c) Skólinn er með starfsemi til kl. 8.00 - 16.00 mán. – fim. og til 8.00 - 14.30 á föstudögum. Húsið er ekki leigt á þessum tímum nema með umsömdum undantekningum.

##### Tónlistarskóli:

- a) Húsnæði tónlistardeildar Auðarskóla fylgir ekki útleigu á Dalabúð samkvæmt samningi þessum.
- b) Hljóðfæri sem tónlistardeild Auðarskóla á fylgir ekki útleigu á Dalabúð samkvæmt samningi þessum.
- c) Hljóðkerfi, míkrafónar, snúrur og fl. sem tónlistardeild Auðarskóla á fylgir ekki í útleigu á Dalabúð samkvæmt samningi þessum.

##### Búningsherbergi:

- a) Búningsherbergi fylgir ekki með í útleigu. Sé gert sérstakt samkomulag um útleigu búningsklefa þarf að skila þeim fullþrifnum fyrir mánudagsmorgun ef útleiga er á skólatíma.

Samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar, 7. desember 2023

---

Björn Bjarki Þorsteinsson  
sveitarstjóri